

Fundargerð samgöngunefndar SSA Fundur nr. 4 starfsárið 2016 – 2017

Fundur var haldinn í samgöngunefnd Sambands sveitarfélaga á Austurlandi fimmtudaginn 30. mars 2017, kl. 15:00 á Gistihúsinu á Egilsstöðum.

Mættir: Anna Alexandersdóttir, Einar Már Sigurðarson, Eyjólfur Sigurðsson, Gunnlaugur Stefánsson, Lárus Heiðarsson, Vilhjálmur Jónsson, Þorbjörg Sandholt og Jakob Sigurðsson. Auk þess sat fundinn Björg Björnsdóttir, verkefnastjóri sveitarstjórnarmála sem ritaði fundargerð.

1. Fundargerð síðasta fundar lögð fram til samþykkis.
2. Ljósleiðaraáætlun Austurlands.
 - a) Kynning frá hverjum nefndarmanni um stöðu ljósleiðaravæðingar í þeirra sveitarfélagi. ES sagði frá styrk sem fékkst í ár úr Fjarskiptasjóði, 25 milljónir, sótt um tengingar við 75 staði en þeim gæti fjölgað í 100, kostnaður við tengingarnar er 1,3 milljón að meðaltali. Byggðastyrkur fékkst einnig frá Póst- og fjarskiptastofnun 4,3 milljónir króna. Áætlaður heildarkostnaður við kerfið er um 68 milljónir kr. án vsk. LH: Búið að leggja ljósleiðara heim á hvern bæ. Samlegð með lagningu þriggja fasa rafmagns. Greitt fyrir framkvæmdum með láni frá sveitarfélaginu. AA sagði frá kortlagningu yfir ljósleiðaravæðingu sveitarfélagsins, kostnaður rúmlega 517 milljónir króna með vsk. Mjög misjafnlega dýrt eftir svæðum að ganga frá tengingum. Þannig er tiltölulega hagstætt að tengja ljósleiðara í Hallormsstað en mun dýrara að ganga frá ljósleiðara á Jökuldal. Vegna umfangs verkefnis, var gengið til samstarfs við Rafey um örbylgjusamband á ákveðnum svæðum. Sömuleiðis hefur verið reynt að nýta samlegð með framkvæmdum Rarik, bæði sumarið 2016 og 2017. Til þeirra framkvæmda fékkst styrkur úr Fjarskiptasjóði (12,4 milljónir króna) og byggðastyrkur frá Póst- og fjarskiptastofnun upp á 9,5 milljónir króna. VJ sagði vinnu við ljósleiðaravæðingu sveitarfélagsins á byrjunarstigi. EMS sagði að búið væri að kortleggja lagningu ljósleiðara í Fjarðabyggð. Búið er að semja við Orkufjarskipti um lagningu ljósleiðara á tilteknum svæðum. Úr Fjarskiptasjóði fengust árið 2017 9,3 milljónir króna. GS sagði það markmið hreppsnefndar að klára verkefnið á yfirstandandi ári, um er að ræða 43 tengingar og undirbúningsvinna er vel á veg komin. Úr Fjarskiptasjóði fengust í ár tæpar 19,4 milljónir króna og 4,1 milljónir króna fengust sem byggðastyrkur frá Póst- og fjarskiptastofnun. ÞS sagði sveitarfélagið eiga í viðræðum við Orkufjarskipti um samlegð við lagningu, engin niðurstaða komin enn. Um er að ræða 21 stað sem tengja á í fyrstu umferð, það fengust 8,5 milljónir króna úr Fjarskiptasjóði og um 5 milljónir króna í byggðastyrk frá Póst- og fjarskiptastofnun. JS sagði búið að kortleggja þörfina í Borgarfjarðarhreppi, um er að ræða 12 staði sem þarf að tengja. Sótt var um í Fjarskiptasjóð árið 2016 en enginn styrkur fékkst. Ekki var sótt



um árið 2017 þar sem forsendur voru þær sömu sem útilokaði Borgarfjörð frá því að koma til greina fyrir byggðastyrk. Viðræður eru nú á upphafsstigi við fyrirtæki um aðkomu að þessu verkefni.

- b) Áætlanir Rarik og Orkufjarskipta. Lagðar fram til kynningar.
3. Samgönguáætlun 2015-2018 – staða. EMS greindi frá samtali við Vegagerðina, ekki er enn fullljóst hversu mikið fjármagn kemur til framkvæmda í Berufjarðarbotni en þó er gert ráð fyrir að verklok verði á næstu árum. Farið yfir gögn sem Vegagerðin hefur unnið fyrir stjórn og samgöngunefnd SSA sem og þær framkvæmdir sem hefði átt að vera búið að fara í samkvæmt gildandi samgönguáætlun.
 4. Ályktanir umhverfis- og samgöngunefndar. EMS greindi frá hugmyndum um breytingar á ályktunum. Verkefnisstjóra sveitarstjórnarmála og formanni nefndarinnar falið að ganga frá drögum að ályktunum fyrir næsta fund.
 5. Önnur mál.

Fundi slitið kl. 16.35.

